

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Drottningarbrautarreits.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 18. október 2016 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Drottningarbrautarreit.

Breytingin felur í sér að nýtingarhlutfall á lóðum við Austurbrú 2-12 hækkar og eykst hámarksbyggingarmagn um u.þ.b. 220 m<sup>2</sup> í kjallararými. Aukið byggingarmagn hefur engin áhrif á heildaryfirbragð húsanna.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarkaupstaðar, 25. október 2016,*

**Anna Bragadóttir**, verkefnastjóri skipulagsmála.

---

B-deild – Útgáfud.: 8. nóvember 2016